

40.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins mánudaginn 1.júlí 2013 og hófst kl. 20.00

Mætt: Kári, Aron, Guðjón, Sigurjón og Gry. Óskar Ingi boðaði forföll.

Þetta gerðist:

1.Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Landsliðsmál.

Ítrekað var það verklag að Grétar Hrafnsson landsliðspjálfari er sá sem hefur samskipti við landsliðsmenn og milligöngu í öllum málum við þá. Hann svarar til stjórnar og landsliðsnefndar. Ítrekað að farið verði eftir því plani og þeirri fjárhagsáætlun sem ákveðin var í upphafi árs. Ræddar ýmsar hugmyndir um fyrirkomulag fjárstyrkja til landsliðsins fyrir næsta keppnistímabil.

3. Landsmót UMFÍ.

Guðjón hefur samband við Kristinn og athugar stöðuna á því máli.

4. Sigurjón sagði frá heimsókn sinni til KFA í sumar.

5. Ólafur E. Rafnsson, forseti ÍSÍ, varð bráðkvaddur 19.júni sl. Við útför hans munu fulltrúar allra sérsambanda standa heiðursvörð í klæddum sínum landsliðsbúningum.

Auðunn Jónsson verður fulltrúi KRAFT.

6. Frá fræðslunefnd.

Dómaranámskeið verður haldið 7.september nk.

Boðið verður upp á þjálfara 1 námskeið í haust. Dietmar Wolf mun kenna þjálfunarfræði í lok nóvember.

Haldið verður stutt námskeið fyrir stangarmenn í tengslum við bikarmótið í lok nóvember.

Fræðslunefnd er með málið.

7. Guðjón kynnti vinnu og ákvörðun dómaranefndar varðandi vottun á statív-samstæðum smíðuðum hér á landi. Eftir nokkrar umræður var eftirfarandi bókað: *Stjórn KRAFT styður ákvörðun dómaranefndar þess efnis að votta sem gildar til notkunar á kraftlyftingamótum á Íslandi statív-samstæður sem smíðaðar eru á Íslandi í samræmi við staðla IPF. Stjórnin mælist til þess við dómaranefnd að hún votti framangreindar vottaðar samstæður til notkunar á öllum kraftlyftingamótum á Íslandi þ.m.t. Íslands-og bikarmótum.*

8. Önnur mál

Helgi Pálsson hefur sent stjórninni B.Sc-ritgerð sína í sjúkrapjálfunarfræðum. Hún fjallar um álagsmeiðsl kraftlyftingamanna og fagnar stjórnin því að vísindalegar rannsóknir séu unnar á málefnum íþróttarinnar.

Stjórnarmenn munu kynna sér niðurstöður Helga og **fræðslunefnd** meta hvort tilefni sé til að nýta efnið á fræðslufundi eða í tengslum við þjálfarnám.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl. 21.30

Fundarritari: Gry Ek